

STARFSREGLUR

fyrir svæðisskipulagsnefnd Suðurlandis

I. KAFLI

Markmið og skipan nefndarinnar

1. gr.

Sveitarfélögin Skaftárhreppur, Mýrdalshreppur, Rangárþing eystra, Rangárþing ytra, Ása-hreppur, Skeiða- og Gnúpverjahreppur, Hrunamannahreppur, Bláskógabyggð, Grímsnes- og Grafningshreppur, Flóahreppur og Árborg hafa komið á fót svæðisskipulagsnefnd sem hefur það hlutverk að vinna tillögu að svæðisskipulagi fyrir hálendishluta sveitarfélaganna, fjalla um breytingar á því og annast lögbundna endurskoðun. Nefndin starfar í umboði og undir yfirstjórn hlutaðeigandi sveitarfélaga, sbr. ákvæði 3. mgr. 22. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Sveitarfélögin skipa 3 manna verkefnisstjórn fyrir verkefnið.

Markmið svæðisskipulagsins er að móta og festa í sessi sameiginlega framtíðarsýn á þróun svæðisins í þeim tilgangi að marka samræmda stefnu um verndun og nýtingu, styrkja landshlutann í heild gagnvart atvinnutækifærum og auðlindanýtingu.

2. gr.

Sveitarstjórnir Skaftárhrepps, Mýrdalshrepps, Rangárþings eystra, Rangárþings ytra, Ása-hrepps, Skeiða- og Gnúpverjahrepps, Hrunamannahrepps, Bláskógabyggðar, Grímsnes- og Grafningshrepps, Flóahrepps og Árborgar skipa tvo fulltrúa hver í nefndina og tvo til vara. Hver fulltrúi, sbr. 1. mgr., fer með eitt atkvæði á fundum nefndarinnar.

Ef skipulagsfulltrúar eru ekki kjörnir fulltrúar í svæðisskipulagsnefnd er þeim heimilt að sitja fundi nefndarinnar, með málfrelsi og tillögurétt án atkvæðisréttar, sbr. 2. mgr. 55. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011.

Svæðisskipulagsnefnd er heimilt að bjóða öðrum að sitja einstaka fundi nefndarinnar eða taka þátt í vinnslu afmarkaðra þátta vinnunnar, eftir því sem nefndin telur best þjóna viðfangsefnum sínum hverju sinni.

II. KAFLI

Hlutverk nefndarinnar

3. gr.

Svæðisskipulagsnefnd kys sér formann og varaformann. Nefndin kys sér jafnframt ritara úr sínum hópi eða felur starfsmönnum eða ráðgjöfum nefndarinnar að rita fundargerðir og annast tilheyrandi frágang og utnumhald nefndarstarfsins. Meðan svæðisskipulagið er í gildi skal svæðisskipulagsnefnd skipuð að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum. Fulltrúar þess sveitarfélags sem síðast fór með formennsku í nefndinni boða til fyrsta fundar hennar að loknum sveitarstjórnarkosningum.

4. gr.

Hlutverk svæðisskipulagsnefndar er að annast vinnslu, kynningu og afgreiðslu svæðisskipulagsins og umhverfismats þess, undir yfirstjórn viðkomandi sveitarstjórna. Eftir staðfestingu svæðisskipulagsins, er hlutverk nefndarinnar að sjá um framfylgd og breytingar á svæðisskipulaginu. Í starfi sínu tekur svæðisskipulagsnefnd m.a. mið af landsskipulagsstefnu, gildandi aðalskipulagi sveitarfélaganna, auk markmiða svæðisskipulagsins sjálfs og þróunar í sveitarfélögunum. Skipulagsákvæðanir svæðisskipulagsnefndar eru háðar samþykki allra hlutaðeigandi sveitarstjórna.

III. KAFLI Starfshættir nefndarinnar

5. gr.

Vinna svæðisskipulagsnefndar felst m.a. í því sem hér segir: Nefndin tekur saman lýsingu á skipulagsverkefni í upphafi svæðisskipulagsvinnunnar, sbr. 1. mgr. 23. gr. skipulagslaga, þ.m.t. lýsingu á umfangi og nákvæmni upplýsinga í umhverfisskýrslu, sbr. 6. gr. laga um umhverfismat áætlana. Nefndin leitar samþykkis sveitarfélaganna á lýsingunni. Að því loknu kynnir nefndin lýsinguna opinberlega og leitar samhlíða umsagna Skipulagsstofnunar og valinna umsagnaraðila. Því næst vinnur nefndin svæðisskipulagstillögu og umhverfisskýrslu í samræmi við fyrirliggjandi lýsingu.

Nefndin kynnir svæðisskipulagstillögu ásamt umhverfisskýrslu fyrir almenningi, leggur hana fyrir hlutaðeigandi sveitarstjórnir til samþykktar og sendir hana að því loknu til athugunar hjá Skipulagsstofnun. Að lokinni athugun Skipulagsstofnunar er tillagan auglýst í samræmi við ákvæði 24. gr. skipulagslaga og gefinn frestur til athugasemda.

Að lokinni kynningu samkvæmt 24. gr. skipulagslaga skal nefndin fjalla um tillöguna á nýjan leik og taka afstöðu til athugasemda sem hafa borist og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni, sbr. 25. gr. skipulagslaga. Þá skal senda tillöguna til sveitarstjórna og vinna að öðru leyti í samræmi við ákvæði 25. gr. skipulagslaga um málsmeðferð. Sama málsmeðferð á við þegar um breytingu á svæðisskipulagi er að ræða.

6. gr.

Á vinnslutíma svæðisskipulagstillögunnar skal halda fundi í svæðisskipulagsnefnd eftir því sem þörf krefur, að jafnaði þó eigi sjaldnar en á 2ja mánaða fresti. Eftir staðfestingu svæðisskipulags fundar nefndin eftir þörfum. Þó skal nefndin koma saman að loknum hverjum sveitarstjórnarkosningum og meta hvort ástæða sé til að endurskoða svæðisskipulagið og tilkynna Skipulagsstofnun um niðurstöðu sína, sbr. 26. gr. skipulagslaga.

Telji nefndin þörf á endurskoðun svæðisskipulags gerir hún rökstudda tillögu um það til hlutaðeigandi sveitarfélaga. Samþykki allra sveitarfélaga þarf áður en ráðist verður í endurskoðun svæðisskipulags.

Fundargerðir eru ritaðar á fundum svæðisskipulagsnefndar og staðfestar af fundarmönnum á fundi eða í kjölfar hans. Fundargerðir eru sendar hlutaðeigandi sveitarstjórnnum sem leggja þær fram til afgreiðslu á næsta fundi sveitarstjórnanna.

Formaður nefndarinnar, eða starfsmaður nefndarinnar fyrir hans hönd, boðar til funda með a.m.k. þriggja daga fyrirvara. Tillaga að dagskrá fylgir fundarboði. Boðun með tölvupósti er fullgild, en ganga skal eftir staðfestingu nefndarmanna um mætingu.

Fundur er lögmætur ef formaður eða varaformaður og helmingur nefndarmanna eru viðstaddir. Leitast skal við að ná samkomulagi um ákvarðanir og afgreiðslur svæðisskipulagsnefndar. Takist það ekki ræður afl atkvæða. Þó getur nefndin ekki ályktað um mál sem varða sérstaklega hagsmuni eins sveitarfélags að fulltrúum þess fjarstöddum.

IV. KAFLI
Kostnaður við störf nefndarinnar o.fl.

7. gr.

Sveitarfélögin ráða ráðgjafa til að vinna við gerð svæðisskipulagsins og sinna annarri nauðsynlegri ráðgjöf henni tengdri. Gerður skal skriflegur samningur við ráðgjafa. Kostnaður vegna svæðisskipulags Suðurlandis greiðist annars vegar af sveitarfélögunum skv. sérstöku samkomulagi þeirra á milli og hins vegar með mótframlagi frá Skipulagssjóði, í samræmi við samþykka þátttöku sjóðsins, sbr. 2. tl. 1. mgr. 18. gr. skipulagslaga.

Sveitarfélögin greiða kostnað vegna þátttöku fulltrúa í svæðisskipulagsnefnd, þ.e. fundalaun og ferðakostnað. Kostnaður vegna breytinga sem afmarkast við einstök sveitarfélög, undirbúningur þeirra og kynning, greiðist, eftir staðfestingu svæðisskipulagsins, af viðkomandi sveitarfélagi eða sveitarfélögum sameiginlega þegar við á, í samræmi við íbúafjölda.

V. KAFLI
Gildistaka

8. gr.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt 4. mgr. 9. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með síðari breytingum, hafa einnig hlotið samþykki sveitarstjórna allra hlutaðeigandi sveitarfélaga og öðlast þegar gildi.

Staður, dd. mán. 2021,

F.h. Mýrdalshrepps

F.h. Skaftárhrepps

F.h. Rangárpings eystra

F.h. Rangárpings ytra

F.h. Ásahrepps

F.h. Skeiða- og Gnúpverjahrepps

F.h. Hrunamannahrepps

F.h. Bláskógabyggðar

F.h. Grímsnes- og Grafningshrepps

F.h. Flóahrepps

F.h. Árborgar